

# Meðferð barns í nýrnasteinbrjóti

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölni er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum.

## Undirbúningur fyrir meðferð

Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi (þarf ekki að vera tært) til miðnættis. Eftir miðnætti má einungis drekka tæra drykki þar til ein klukkustund er í komu á spítalann. Tær drykkur er agnalaus drykkur án fitu, t.d. vatn, sykurvatn, tær ávaxtasafi eða frostpinni (án súkkulaðis og mjólkurlaus).

## Meðferðardagur

Mæting er á dagdeild 23E á 3. hæð Barnaspítala Hringinsins. Þaðan fer barnið í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölni sem er á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

## Meðferðin

Meðferðin er gerð í svæfingu og tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Barnið liggur á sérstökum bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Að lokinni meðferð fer barnið á dag- eða göngudeild barna fram að útskrift.

## Verkir

Nota má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki skv. leiðbeiningum á fylgiseðli. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að taka verkjalyf og minnka magn vökva sem drukkinn er því hann getur aukið verkina. Þegar verkur er liðinn hjá má drekka eins og áður.

## Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu tvo dagana eftir meðferðina.

## Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga og það er eðlilegt.

**Hafa þarf samband við Barnaspítala Hringinsins ef eftirfarandi hættumerki koma fram:**

- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Líkamshiti er hærri en 38°C

Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis snúa sér til sinnar heilsugæslu eða heimilislæknis.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma má hafa samband við Barnaspítala Hringinsins í síma 543 3751.